

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 2 300,00 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlýta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 622, 27. desember 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

11. apríl 1991

Nr. 172

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 27/1983 um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa.

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Í sérstökum undantekningartilvikum getur ráðherra heimilað rekstraraðilum heilsgæslustöðva og sjúkrahúsa að annast lyfjasölu, enda veiti henni forstöðu aðili er ráðuneytið samþykkir að höfðu samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Endurprentað blað.